






Dominique Perrault, Frakklandi.




Henning Larsen, Danmörku.




Richard Meier, Bandaríkjunum.



Mario Botta, Svíss.



Leon Krier, Lúxemborg.




Richard Rogers, Bretlandi.

ustu arkitektum heims yrði boðið að hanna ódýr smáhúsi af því tagi sem almenningur reisir í garðlöndum utan við stórborgir. Tveimur árum síðar, þegar Kaupmannahöfn var menningarhöfuðborg Evrópu, var sýning á líkönum og teikningum arkitektanna opnuð í nýrri listamiðstöð, Arken, í nágrenni Kaupmannahafnar. Enn fremur fengu aðstandendur sýningarinnar úthlutað svæði í Vallensbæk fyrir fyrsta útigarðinn í Danmörku sem eingöngu er helgaður byggingarlist, eins konar „garðhúsabær“ með smáhúsum arkitektanna í fullri stærð. Verkefninu lauk ekki með þessari sýningu heldur hefur garðhúsabærinn smám saman verið að vaxa. Árið 1998 var sýningin í Stokkhólmi sem liður í framlagi Arkitekturmuseet til dagskrár menningarborgarinnar þar. Í tengslum við sýninguna risu þrjú ný hús eftir arkitektana Ralph Erskine frá Svíþjóð, Josef Paul Kleihues frá Þýskalandi og Heikkinen & Komonen frá Finnlandi, og voru þau flutt í garðinn í Vallensbæk að sýningunni lokinni.

Þátttakendurnir í sýningunni eru flestir úr hópi kunnustu arkitekta heims, virtir hönnuðir sem mótað hafa framvindu og hugmyndafræði byggingarlistar í lok 20. aldar með verkum sínum. Í tillögugerð sinni fengu þeir algerlega frjálsar hendur, eina kvöðin var sú að húsin yrðu að jafnaði ekki stærri en 7.5 fm. að grunnfleti.


Þær átján útgáfur af garðhúsum sem getur að líta á sýningunni eru ólíkar. Þó er það ekki mikið sem skilur á milli hönnuðanna, hvorki í tíma né rúmi. Þeir eru allir Vesturlandabúar utan einn og flestir fæddir á fjórða eða fimmta áratug aldarinnar. Sá elsti er Bretinn Ralph Erskine, sem lengst af hefur starfað í Svíþjóð, og þau yngstu eru Danirnir Søren Robert Lund og Karina Tengberg. Garðhúsabærinn sýnir svo ekki verður um villst þá breidd sem einkennir byggingarlist samtímans. Við höfum annars vegar Hans og Grétu hús Léons Krier og hins vegar hús Bretans Richard Rogers sem hefur ekki aðeins tekið tækni sína þjónustu heldur losað húsið frá jörðinni fyrir fullt og allt svo allur heimurinn verður að garðbletti þess sem ferðast um í húsi hans.

Í rauninni stríða húsin á sýningunni gegn þeirri hugmyndafræði sem garðhúsabær byggja á. Húsin eru akademísk og hafa takmarkað notagildi. Hefðbundin garðhús eru hins vegar yfirleitt byggð af eigendunum úr afgangstímri eða endurnýttu hráefni til þess að þjóna sem skjól fyrir veðrum bæði fyrir fólk og verkfæri. Þó eiga garðhús



Aldo Rossi, Ítalíu.

það sameiginlegt með húsum arkitektanna að vera eins konar stöðutákn, tákn fyrir smekk eigandans eða arkitektsins. Ólíkt því sem gerist þegar fólk byggir sér íbúðarhúsnæði eða arkitekt hannar byggingu hafa allir frjálsar hendur í garðhúsabænum, þar er allt leyfilegt. Hefðbundin garðhús eru andstæða stíl- og stefnumeðvitaðra húsa arkitekta. Eigendur garðhúsa hafa oft og tíðum leitað fanga í þekktum byggingum þegar þeir hafa skreytt hús sín. Til dæmis má í garðhúsabæjum umhverfis Kaupmannahöfn sjá smækkaðar útgáfur af turnum og öðrum kenningum borgarinnar. Sama viðhorf má finna í húsum Ítalans Aldo Rossi og Bandaríkjamannsins Michael Graves. Súllur, gafflhöð og annað skraut úr gengnum stíltegundum setja svip á hús þeirra enda er hér um tvo af postulum póst-móðernismans að ræða. Spánverjinn Enric Miralles fer allt aðra leið að sama marki, hans hús er líkara skúlptúr



Íslenska húsið á sýningunni er eftir arkitektana Hjördísí Sigurgísladóttur og Dennis Jóhannsson.

en húsi. Hann hugsar húsið sem umgjörð utan um hreyfingar ungrar dóttur sinnar en ekki sem skýli undir verkfæri eins og garðhúsin voru upphaflega hugsuð. Aðrir feta sömu braut, hús Svisslendingsins Mario Botta og Finnanna Heikkinen og Komonen eru fyrst og fremst leikur með form.

Sá sem víkur hvað lengst frá viðteknum hugmyndum um hús er Frakkinn Dominique Perrault. Í húsi hans er hvorki skjól til að verja verkfærin ryði né til að drekka kaffi þegar rignir. Húsið er þaklaus glerkassi, sem rennur átakalaust saman við náttúruna. Það afmarkar eignarrétt á landskika en veitir öðrum tækifæri til að njóta náttúrunnar með eigandanum.

Öldungarnir í hópi arkitektanna, þeir Ralph Erskine sem er fæddur árið 1914 og Daninn Henning Larsen sem er fæddur árið 1925, reisa sér báðir turna. Kannski er það tilraun til að láta bernskudraum um hús hátt uppi í tré ræt-

ast eða til að hafa útsýni og geta varist aðsteðjandi hættu.

Verkefnið Garðhúsabær er tilraun til að láta arkitekta kljást við verkefni sem fram til þessa hefur verið í höndum leikmanna, þeim er gefið tækifæri til að losa bindishnúttinn og bregða á leik. Á sýningunni, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum, má sjá dæmi um þá fjölbreytni sem einkennt hefur arkitektúr síðari hluta 20. aldar og fá innsýn inn í vinnubrögð nokkurra þekktustu arkitekta heims.

Pétur er forstöðumaður Byggingarlistardeildar á Kjarvalsstöðum og Ágústa starfar þar einnig.
Heimildir:
Páll Línadal: Reykjavík. Sögustaður við Sund. 2. bindi H-P, Rvk. 1987, bls. 106.
Eggert Þór Bernharðsson: Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990. Fyrri hluti, Rvk. 1998, bls. 44-51.

AR Í AÐRA VELDI